

Nr. 059 / 10 Nonni GK 129**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6634
Smíðaður: Sandgerði 1985, plast
Stærð: 2,6 brl. 2,8 bt.
Mesta lengd: 7,02 m Skráð lengd: 6,57 m
Breidd: 2,12 m Dýpt: 1,01 m
Vél: Volvo Penta 112 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 1



Nonni©Geir Ágústsson

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. maí 2010 var Nonni GK 129 að koma til hafnar í Sandgerði. Veður: NNA 9-13 m/s.

Vegna olíustíflu í olíusíum varð báturinn vélarvana í innsiglingunni og óskaði bátsverjinn eftir aðstoð. Faxi GK 84 dró bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjinn kvaðst hafa sett nýjar síur þegar hann byrjaði að nota bátinn u.þ.b. 10 dögum áður. Fram kom hjá honum að hann hefði heyrt af nokkrum aðilum sem töldu sig hafa fengið óhreina olíu hjá birgjum;
- að ekki var tekið sýni úr olíunni og tankurinn var ekki skoðaður;
- að birginn sem átti hlut að máli í þessu tilfelli kvaðst hafa fengið kvörtun frá nokkrum aðilum í október 2009 og hafði sýni þá verið sent í rannsókn. Ekkert reyndist athugavert við eldsneytið þá.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur aðila til að taka sýni af eldsneyti við þessar aðstæður.